

Viðbragsáætlun um samskiptavanda og einelti

Grun um einelti á að tilkynna til umsjónarkennara eða eineltisteymis á til þess gerðu eyðublaði eða í tölvupósti (sjá tengil á heimasíðu).

Vinnuferli ef upp kemur samskiptavandi eða grunur um einelti:

- ✚ Berist tilkynning hafa umsjónarkennari og eineltisteymi samráð um verkaskiptingu.
- ✚ Rætt við meintan þolanda og foreldra hans til að fá gleggri mynd af meintu einelti. Skráð í mentor.
- ✚ Starfsfólk upplýst um samskiptavanda á fundi eða með tölvupósti og það beðið að fylgjast með samskiptum hans s.s. á útisvæði, búningaklefum og göngum.
- ✚ Leitað eftir upplýsingum frá starfsfólki skólans. (Lokið innan 2 vikna frá tilkynningu).
- ✚ Fundað með meintum geranda/ gerendum og foreldrum þeirra og það skráð í mentor.
- ✚ Að könnun lokinni eru starfsmenn upplýstir um niðurstöðu.

Leiði könnun í ljós að um einelti sé að ræða fer eftirfarandi vinna í gang:

- ✚ Sendur póstur á foreldra í árganginum og þeir upplýstir um stöðu mála.
- ✚ Rætt við umsjónarkennara geranda/gerenda ef þeir eru í öðrum bekk en þolandi.
- ✚ Fundað með/haft samband við þolanda, geranda/gerendum og foreldrum þeirra, hverjum fyrir sig. (Gátlisti vegna eineltismála og fundur með foreldrum).
 - Rætt við þolanda til að styðja hann og upplýsa um hvaða aðgerðir eru í gangi.
 - Rætt við geranda/gerendur með það að leiðarljósi að stöðva eineltið.
- ✚ Leitað eftir upplýsingum frá starfsfólki skólans.
- ✚ Leitað eftir upplýsingum frá samnemendum ef þurfa þykir.
- ✚ Bekkjarfundir, ef þurfa þykir, jafnvel með deildarstjóra og/eða námsráðgjafa.
- ✚ Gerð tengslakönnun í bekknum ef þurfa þykir.
- ✚ Rætt við þolanda innan tíu daga til að meta árangur aðgerða. (Eineltismál – Eftirfylgd)
- ✚ Rætt sé við þolanda og geranda/gerendur eftir **fjórar vikur** til að meta stöðuna. (Eineltismál – Eftirfylgd)

Ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur fer eftirfarandi ferli í gang:

- ✚ Eineltisteymi fjallar um málið og vinnur áætlun um næstu skref.
- ✚ Stjórnendur og umsjónarkennari vinna saman að málinu með aðilum úr eineltisteymi.
- ✚ Stjórnendur boða foreldra þolanda og gerenda á fund og gera þeim grein fyrir að ef aðgerðir skólans dugi ekki til þurfi að vísa málinu til aðila utan skólans.
- ✚ Ef einelti er illviðráðanlegt og ekkert af ofangreindum aðgerðum dugar er einelti tilkynnt til barnaverndaryfirvalda og lögreglu. Skólastjóri tekur ákvörðun um slíkt.

Útfylltum eyðublöðum af *Tilkynning um einelti*, *Gátlista vegna eineltismála* og *Fundur með foreldrum/eineltismál eftirfylgd* skal skilað til námsráðgjafa.